

Nd.

435. Breytingartillögur

við frv. til l. um gagnfræðanám.

Frá Páli Þorsteinssyni.

1. Við 10. gr. c-liður greinarinnar orðist svo:
að ráða skólastjóra og kennara úr hópi umsækjenda. Þó þarf samþykki fræðslumálastjórnar um ráðning þeirra.
2. Við 61. gr. Greinin orðist svo:
Skólar gagnfræðastigsins eru sjálfseignarstofnanir eða eign hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélaga.
3. Við 62. gr. Greinin orðist svo:
Skólar þeir, sem svara til skóla gagnfræðastigsins, er lög þessi taka gildi, falla undir ákvæði þeirra, ef forráðamenn skólanna óska þess.